

**Efni:** Áramótabrennur í Reykjavík

**Til:** Umhverfis- og skipulagsráðs

## Tillaga

Undanfarin ár hefur áramótabrennum farið fjölgandi í borgarlandinu og nú er svo komið að þær eru alls 10. Lagt er til að fækka áramótabrennum um fjórar og finna ákveðnum brennum nýjan stað. Þetta er gert til að koma til móts við öll þau sjónarmið sem uppi eru varðandi þetta verkefni.

## Greinargerð

Undanfarin ár hefur fjöldi brenna í Reykjavík aukist og eru nú alls 10 brennur á gamlársdag og gamlárskvöld ásamt 2 brennum á þrettándanum. Á sama tíma hefur verið mikil umræða um fjöldamörg atriði er varðar brennur enda hafa þær bæði mikil skammtíma og langtíma umhverfisáhrif ásamt því að vera dýrar í uppsetningu og rekstri. Auk framangreindra atriða hefur skrifstofu borgarlandsins reynst erfitt að fá starfsfólk til að sinna brennum á þessum tíma enda vill flest starfsfólk vera heima á þessum tíma. Þá hefur Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins gert athugasemdir við ákveðnar brennur vegna nálægðar við byggð. Þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir sem fram hafa komið er ljóst að sterk hefð er fyrir brennum í Reykjavík hjá mörgum íbúum borgarinnar.

Í ljósi framangreindra athugasemda er lagt til að mæta báðum sjónarmiðum um fækkun og menningarhefð með því fækka brennum í landi Reykjavíkur í sex brennur. Yrðu þær staðsettar sem hér segir (Mynd 1 og 2):

- Vesturbæ (með fyrirvara um góða staðsetningu)
- Gufunesi
- Geirsnefi
- Jafnasel (ný staðsetning)
- Úlfarsárdal
- Kjalarnesi

Allar brennur verða minni en 250 m<sup>3</sup> og því skilgreindar sem litlar brennur. Með þessu móti verður komið til móts við bæði sjónarmið þeirra sem vilja hafa brennur með því að tryggja að hver borgarhluti hafi brennu og svo hinna sem vilja fækka þeim verulega og með því draga úr umhverfisáhrifum og kostnaði.



Mynd 1. Brenna á Kjalarnesi.

Mynd 1. Fyrirhugaðar brennur í Reykjavík.



Þær brennur sem lagt er til að verði lagðar niður eru eru sem hér segir:

- Rauðavatn.
  - Þar hefur skapast umferðarvandæði undanfarin ár við Suðurlandsveginn og vegna mögulegra umhverfisáhrifa á Rauðavatn
- Suðurfelli (Jafnasel árið 2023)
  - Eldri staðsetning brennunnar er ekki lengur í boði vegna nýs Arnarnesvegar. Þessari brennu verður fundinn nýr staður í Breiðholti eins og segir að ofan.
- Laugardalur
  - Nálægð við byggð og aðgengi er slæmt
- Skerjafirði
  - Aðgengi er slæmt og nálægð við byggð of mikil

Virðingafyllst,  
Hjalti J. Guðmundsson  
Skrifstofustjóri borgarlandsins